

AUGLÝSING

um afgreiðslur á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar 7. breytingu á deiliskipulagi fyrir virkjun á Hellisheiði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 28. október 2010 samþykkt deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar 7. breytingu á deiliskipulagi fyrir virkjun á Hellisheiði. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Tillagan að deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, sem staðfest var 4. janúar 2005. Upphaflega var samþykkt deiliskipulag 24. júní 2004 sem öðlaðist gildi 20. júlí 2004. Gildandi deiliskipulag var samþykkt 29. janúar 2009 og öðlaðist gildi 3. mars 2009.

Breytingin felst í stækkun á borsvæði vegna niðurrennsli sem er vestan lóðar fyrir vélar 5 og 6. Svæðið var um 2,2 ha en verður eftir breytingar um 4,7 ha. Greinargerð og skipulags- og byggingarskilmálar, dagsettir 23. júní 2008, breytt 21. nóvember 2008, gilda áfram.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 10. desember 2010.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2010